



**101. fundur Fjölskylduráðs Múlapings  
haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, Lyngási 12 Egilsstöðum, þriðjudaginn 16.  
apríl 2024  
og hófst hann kl. 13:30**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Gunnarsson formaður, Björg Eypórsdóttir varaformaður, Guðmundur Björnsson Hafþórsson aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir aðalmaður, Eypór Stefánsson aðalmaður, Jóhann Hjalti Þorsteinsson aðalmaður, Þórlaug Alda Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Einar Freyr Guðmundsson varamaður og Júlía Sæmundsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Júlía Sæmundsdóttir, félagsmálastjóri

**Dagskrá:**

- 1. 202308168 - Gott að eldast, förum alla leið, samþætt þjónusta í heimahúsum**  
Berglind Magnúsdóttir og Þóra Björk Hreinsdóttir frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu komu á fund fjölskylduráðs Múlapings og kynntu verkefnið Gott að eldast. Þeim er þökkun góð kynning.
- 2. 202404105 - Íþrótt- og tómstundastyrkir fjölskylduráðs, fyrri úthlutun 2024**
- 4. 202403151 - Beiðni um upplýsingar vegn stöðumats um skaðaminnkun**  
Borist hefur erindi frá heilbrigðisráðuneytinu þar sem óskað er eftir upplýsingum vegna stöðumats um skaðaminnkun. Lagt er fram til kynningar svar sveitarfélagsins við erindi ráðuneytisins.
- 5. 202403231 - Umsagnarbeiðni um 143. mál um málefni aldraðra (réttur til sambúðar)**  
Frá Velferðarnefnd Alþingis hefur borist mál nr. 143. um málefni aldraðra (réttur til sambúðar).  
Lagt fram til kynningar.
- 6. 202404090 - Beiðni um heilsueflingu fyrir ófrískar konur á Egilsstöðum**  
Tekið er fyrir erindi frá Ernu Raket Baldvinsdóttur þar sem sveitarfélagið Múlaping er beið um að hlutast til um frekari heilsueflingu fyrir ófrískar konur en þá sem nú þegar er í boði á Austurlandi, einkum sundleikfimi og jóga. Fjölskylduráð þakkar fyrir erindið og tekur undir með málshefjanda mikilvægi hreyfingar og heilsueflingar kvenna sem ganga með barn. Sveitarfélagið stendur ekki sjálft fyrir hreyfiúrræðum fyrir tiltekna hópa, að undanskildum eldri borgurum, sem geta sótt hreyfiúrræði sér að kostnaðarlausu. Fjölskylduráð bendir málshefjanda á að beina erindi sínu til þeirra aðila er bjóða upp á heilsueflandi úrræði en stefna



sveitarfélagsins er að vera ekki í samkeppni við aðila á þeim markaði.

**7. 202311286 - Vinnsla barnaverndarmála frá Grindavík**

Borist hefur erindi frá Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) er varðar barnaverndarmál frá Barnaverndarþjónustu Grindavíkur. Fram kemur að flytja þurfi töluvert af málum frá Grindavík yfir á þau svæði þar sem börn búa eða dvelja. Þá mun barnaverndarþjónusta Grindavíkur framsenda tilkynningar vegna mála þeirra barna sem áður bjuggu í Grindavík, til þeirra svæða sem viðkomandi börn dvelja á í dag. BOFS fer þess á leit við aðrar barnaverndarþjónustur landsins að taka vel í þær beiðni sem kunna að berast frá Grindavík. Fjölskylduráð tekur heils hugar undir með BOFS og mun hér eftir sem hingað til taka vel undir málaleitan barnaverndarþjónustu Grindavíkur.

**8. 202404051 - Beiðni um styrk til reksturs Bjarmahlíðar Þolendamiðstöðvar vegna 5 ára starfsafmæli**

Borist hefur beiðni til Múlapings frá lögreglustjóranum á Norðurlandi eystra fyrir hönd Bjarmahlíðar, þolendamiðstöðvar á Akureyri um fjárstyrk vegna starfseminnar. Bjarmahlíð er tilraunaverkefni styrkt af dóms- og félagsmálaráðuneytinu og rekið sem samstarfsverkefni ólíkra aðila í því skyni að aðstoða þolendur ofbeldis að vinna úr áfalli og fá viðeigandi aðstoð. Samstarfsaðilar Bjarmahlíðar eru stjórnvöld, sveitarfélög, frjáls félagasamtök s.s. Aflið, Akureyrarbær, Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Kvennaráðgjöfin, lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Samtök um kvennaathvarf og Sjúkrahúsið á Akureyri sem allir leggja til þjónustu við skjólstæðinga Bjarmahlíðar. Fjölskylduráð samþykkir að styrkja Bjarmahlíð um 200.000,- kr. sem tekið er af lið 9160.

Samþykkt samhljóða.

**9. 202404097 - Trúnaðarmál**

Trúnaðarmál. Niðurstaða bókuð í trúnaðarmálalabók fjölskylduráðs.

**3. 202403206 - Sumarfrístund 2024**

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00**

